



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 23. október 2020

SN200587

Mál: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um greiningarvinnu vegna aukningar á skrifstofuhúsnæði í miðborg - R20090083

Vísað er til erindis Borgarráðs frá 18. september sl. þar sem óskað er umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ráðist verði í greiningarvinnu vegna aukningar skrifstofuhúsnæðis í miðborginni. Í tillögunni segir:

*“Borgarráð samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að ráðast í greiningarvinnu á fyrirjáanlega auknu magni skrifstofuhúsnæðis í miðborginni næstu árin. Hér mætti nefna þær þúsundir skrifstofufermetra sem standa munu auðar þegar Landsbankinn flytur starfsemi sína í nýjar höfuðstöðvar að Austurbakka. Í kjölfar greiningarvinnu verði sviðinu falið að útfæra tillögur að sveigjanlegum lausnum er varða nýtingamöguleika þeirra eigna sem um ræðir. Þannig verði kannaðir möguleikar á breyttri notkun mannvirkjanna, t.d. hvernig þeim megi breyta í íbúðarhúsnæði, gististaði, veitingahús eða skólabyggingar, svo eitthvað sé nefnt. Tillögurnar verði unnar í samstarfi við hlutaðeigandi fasteignaeigendur með fulla nýtingu að markmiði og verði að endingu bornar undir borgarráð til samþykkis.”*

Tekið er undir mikilvægi þess að ráðast í greiningu á stöðu atvinnuhúsnæðis í miðborginni. Lagt er til að settur verði á stofn vinnuhópur sem skipaður verði fulltrúum frá Umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, miðborgarstjórn og fulltrúum hagaðila. Hlutverk hans verði að greina stöðuna og leggja í framhaldinu fram tillögur um mögulegar breytingar á aðalskipulagi og skipulagsákvæðum sem varða miðborgina. Byggt verði m.a. á þeirri kortlagningu húsnæðis sem fór fram síðastliðið sumar á vegum Skipulagsfulltrúa.

Haraldur Sigurðsson